

LÖG um frestun á verkfalli fiskimanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Verkfalli því er samtök fiskimanna hófu gegn félögum og samtökum útvegsmanna, um og undir miðnætti aðfaranótt 16. mars sl., er frestað til kl. 24.00 hinn 1. apríl nk. frá og með gildistöku laga þessara. Sama gildir um verkþann það er félög og samtök útvegsmanna settu á fiskimenn frá og með miðnætti aðfaranótt 16. mars sl.

2. gr.

Á meðan frestun verkfalls og verkþanns skv. 1. gr. stendur yfir skulu allir síðastgildandi kjarasamningar þeirra aðila sem lög þessi taka til gilda þeirra í milli, nema þeir semji um annað.

3. gr.

Vinnustöðvanir þær sem lög þessi taka til, svo og verkþönn, verkföll og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimilar.

4. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða þau sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 19. mars 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Árni M. Mathiesen.